

Guðbjörg Þorvaldsdóttir

Guðbjörg Þorvaldsdóttir gekk í Hestamannafélagið Mána árið 1977 og hefur verið mjög virkur félagi síðan. Guðbjörg hefur setið í stjórn Mána og var m.a. í mótanefnd félagsins til margra ára og vann þar mikið starf. Guðbjörg tók við sem beitarstjóri hjá Mána uppúr 1980 og sá um beitina samfleitt í 13 ár. Hún stjórnaði meðal annars uppbyggingu hennar af miklum krafti og þess má geta að Hestamannafélagið Máni fékk landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar árið 1996 og á Guðbjörg stóran þátt í þeim árangri.

Guðbjörg var umsjónarmaður Reiðskóla Mána í fjölda ára og rak hann með miklum myndarbrag. Hafa margir okkar féлага kynnst hestamenskunni í gegnum Reiðskólann og hafa heillast af þessari skemmtilegu íþrótt.

Guðbjörg er keppniskona mikil og rak á árum áður mikla kappreiðahestaútgærd ásamt fjölskyldu sinni og náðu þau miklum árangri á þeim vettvangi.

Guðbjörg og fjölskylda létu einnig til sín taka í öðrum greinum hestaíþróttarinnar og er Guðbjörg enn að því barnabörn hennar keppa af miklum krafti í hinum ýmsu greinum hestaíþróttarinnar og að sjálfsgöðu fylgist hún vel með og styður þau af alefli.

Einnig er vert að geta þess að Guðbjörg stundar hrossarækt ásamt syni sínum á jörð sinni Melabergi og eru þau einnig með umfangsmikla landgræðslu og skógrækt.

Hestamennska er fjölskylduíþrótt og má með sanni segja að Guðbjörg Þorvaldsdóttir er verðugur fulltrúi fyrir hestaíþróttina. Hún og hennar fjölskylda hafa verið meira og minna saman í þessari íþrótt síðan þau gengu í Hestamannafélagið Mána. Guðbjörg hefur einnig ásamt fjölskyldu sinni gefið vinnu sína óeigingjarnt í sjálfböðavinnu fyrir Hestamannafélagið Mána og færum við henni miklar þakkir fyrir það.

Guðbjörg er verðugur félagi fyrir Hestamannafélagið og hefur sýnt það og sannað að hún er efnilegur félagi sem hvert hestamannafélag getur státað sig af. Hún er góð fyrirmynd fyrir okkur hin sem á eftir komum.

Fyrir störf sín í þágu hestamenskunnar hlýtur Guðbjörg gullmerki LH.